

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2005

18. júlí 2005

1553

Nr. 690

GJALDSKRÁ

fyrir Lögbirtingablað.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Áskorun	Innkallanir (aðrar en þrotabúa og dánarbúa)
Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning varðandi fjármála- starfsemi	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
Dómsbirting	Mat á umhverfisáhrifum
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Nauðasamningar
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Skipulagsauglýsing
Félagsslit	Starfsleyfi
Framhald uppboðs	Stefna
Fyrirkall	Svipting fjárræðis
Greiðsluáskorun	Umferðarauglýsingar
Happdrætti	Vátryggingafélagaskrá/ vátryggingamiðlaraskrá
Húsbréf	Veðhafafundur
	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Auglýsing frá hlutafélagaskrá (nýskráning, aukatilegning, samruni, skipting)	1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu
Búfjármarkaskráning	500 kr. fyrir hvert búfjármark
Firmaskráning	1.000 kr. fyrir hverja firmatilegningu
Innköllun dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.000 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu
Skiptalok dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu

3. Annað:

Undanþegin gjaldskyldu eru skiptalok í búum þar sem innkallanir hafa verið birtar fyrir 1. júlí 2005.

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu. Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 12.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra prentaðra tölublaða er kr. 250.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 624 frá 30. júní 2005 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júlí 2005.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 547, 27. maí 2005,
um togveiðar á kolmunna 2005.**

1. gr.

Í stað „345 þús. lestir“ í 2. málslíð 1. gr. komi: 590 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júlí 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.